

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skagafirði.

1. gr.

Árlegt gjald fyrir heimilisúrgang:

Rekstur söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður	kr.	35.500 / íbúð
Rekstur söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður, sumarhús	kr.	32.000 / hús
Blandaður úrgangur, 240 l ílát	kr.	27.000
Blandaður úrgangur, 660 l ílát	kr.	74.251
Blandaður úrgangur, 1.100 l ílát	kr.	123.751
Lífúrgangur, 30/140 l ílát	kr.	19.000
Lífúrgangur, 240 l ílát	kr.	26.980
Pappi og pappír, 240 l ílát	kr.	8.500
Pappi og pappír, 660 l ílát	kr.	23.375
Pappi og pappír, 1.100 l ílát	kr.	38.959
Plast, 240 l ílát	kr.	8.500
Plast, 660 l ílát	kr.	23.375
Plast, 1.100 l ílát	kr.	38.959

Sorpgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjald fyrir eyðingu á dýrahæjum er innheimt af búfjáreigendum, sem eru með skráðan bústofn samkvæmt búfjárskýrslum Búnaðarstofu. Dýrahæin verða sótt til búfjáreigenda vikulega frá apríl til október og á tveggja vikna fresti frá nóvember til mars og komið í viðeigandi meðhöndlun.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Skagafirði verður sem hér segir á árinu 2024:

Sauðfé/geitfé	150 kr./grip
Nautgripir	900 kr./grip
Geldneyti/nautkálfar	500 kr./grip
Hross	600 kr./grip
Grísir	420 kr./grip
Hænsn	5 kr./grip

Gjald fyrir söfnun og eyðingu á dýrahæjum miðast við meðaltalsafföll í hefðbundnum búrekstri. Ekki er ætlast til að býli með umfangsmikla sláturstarfsemi nýti þjónustuna fyrir sláturúrgang. Þeim aðilum ber að semja beint við þjónustuaðila um förgun á sláturúrgangi.

Fjöldi gjalddaga verða tíu. Gjöld sem ekki ná 1.000 kr. falla niður. Ef gjaldið nær ekki 15.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga.

3. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

Rekstraraðilar:

Greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli.

Heimilissorp:

Allir sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m³ af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur

að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang og tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi án klipps. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m³ sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Ef kortið dugir ekki út árið er hægt að kaupa aukakort sem inniheldur losun á 1 m³ af gjaldskyldum úrgangi eða sem nemur fjórum klippum. Nýtt aukakort kostar 4.000 kr. og er ótímabundið.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði nr. 301/2023. Gjaldskráin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 13. desember 2023 og öðlast gildi 1. janúar 2024 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 302/2023 úr gildi.

Sauðárkróki, 18. desember 2023.

Sigfús I. Sigfússon sveitarstjóri.